

í þinglýsingabók. Úrlausn þinglýsingardómara er í ósamræmi við ákvæði þetta og verður ekki hjá því komist að átelja það.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Afmá skal úr þinglýsingabók Reykjavíkur af eigninni Rangársel 8, Reykjavík, eignarhluta Karls Jónssonar, þinglýsingu á veðskuldabréfi nr. B 12028/87 og vísa frá þinglýsingu.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 9. desember 1988.

Nr. 68/1987. **Arnar Sigurðsson**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Birgi Sigurðssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Lausafjárkaup. Galli. Ábyrgð. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s.m. Áður hafði málinu verið áfrýjað með stefnu 18. september 1986, en útivistardómur gekk 3. nóvember það ár, og var ekki áfrýjað á ný innan þess 4 vikna frests, sem um getur í 36. gr. laga nr. 75/1973.

Dómkröfur áfrýjanda eru aðallega þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, en til vara að kröfur stefnda verði lækkaðar. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 32.112,00 með 24% ársvöxtum af kr. 550,00 frá 6. janúar 1985 til 7. febrúar s.á., af kr. 32.112,00 frá þeim degi til 10. maí s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 30. september s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1985, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. mars 1986, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 15,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1986, með 15,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1986, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember 1986, með 16,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. desember 1986, með 17,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1987, með 18,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. febrúar 1987, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 11. mars 1987, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 11. apríl 1987, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1988, en með 45,6% ársvöxtum af kr. 45.665,65 frá þeim degi til 1. maí 1988, með 44,4% ársvöxtum af kr. 45.665,65 frá þeim degi til 1. júlí 1988, með 52,8% ársvöxtum af kr. 45.665,65 frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 56,4% ársvöxtum af kr. 45.665,65 frá þeim degi til 1. september 1988, með 49,2% ársvöxtum af kr. 45.665,65 frá þeim degi til 1. október 1988, með 33,6% ársvöxtum af kr. 45.665,65 frá þeim degi til 1. nóvember 1988, með 27,6% ársvöxtum af kr. 45.665,65 frá þeim degi til 1. desember 1988, með 24% ársvöxtum af kr. 45.665,65 frá þeim degi til 1. janúar 1989 og áfram með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 eins og þeir eru hverju sinni frá þeim degi til greiðsludags. Krefst stefndi þess að vextir séu höfuðstólsfærðir á 12 mánaða fresti samkvæmt 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, í fyrsta sinn 14. apríl 1988.

Þá gerir stefndi þá kröfu að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt viðmiðunargjaldskrá LMFÍ og framlögðum málskostnaðarreikningi auk sölu-skatts af þóknunarlið.

I.

Fallist verður á það, sem í héraðsdómi segir, að áfrýjandi hafi ekki leitt í ljós neitt það, sem leysi hann undan ábyrgð eftir yfirlýsingu þeirri, sem hann gaf 10. desember 1984. Þá eru ekki efni til að lækka kröfu stefnda á grundvelli varakröfu áfrýjanda, og vísast einnig um það atriði til hins áfrýjaða dóms.

II.

Um vexti er þessa að geta:

Ágreiningur er ekki um vaxtakröfu til 30. september 1985.

Í héraði krafðist stefndi, sem þar var stefnandi, dómvaxta frá 30. september 1985 til 14. apríl 1987 án þess að nefna vaxtafót, enda var honum það heimilt eftir 1. gr. 3. mgr. laga nr. 56/1979 um dómvexti. Vaxtafótur var ekki heldur tilgreindur í dómnum, þar sem kveðið var á um dómvexti án frekari skýringa. Nú hefur stefndi krafist tiltekinna vaxta þann tíma, sem honum voru dæmdir dómvextir í héraði. Er vaxtafóturinn frá birtingardegi héraðsstefnu, 30. september 1984, til gildistökudags vaxtalaga nr. 25/1987, 14. apríl það ár, hæstu innlánsvextir, sem tilgreindir voru í auglýsingum Seðlabanka Íslands. Miðar stefndi við vexti af spari-reikningum með 18 mánaða uppsögn til 11. mars 1986, en eftir það við reikninga með 12 mánaða uppsögn eða 18 mánaða eftir því hvorir vaxta voru hærri á hverjum tíma. Í áðurnefndum lögum nr. 56/1979 1. gr. 1. mgr. segir, að dómvextir skuli vera „jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, þannig að sem fyllst tillit sé tekið til varðveislu á verðgildi fjármagns.“ Þó að ljóst sé, að kvöð á bankainnistæðum um uppsagnarfrest er ekki að öllu leyti sambærileg við það, sem gildir um fjárkröfur í dómsmálum, er vafalaus venja um það, að dómvextir eru miðaðir við eigi lægri vexti en af innistæðum sem segja þarf upp með 12 mánaða fyrirvara. Verður þá spurningin sú ein, hvort heimilt sé að krefjast vaxta eins og um

væri að ræða 18 mánaða uppsagnarfrest. Í þessum dómum Hæstaréttar, sem kveðnir voru upp 22. maí 1987, er þessari spurningu svarað játandi. Þrátt fyrir andmæli áfrýjanda ber því að taka vaxtakröfu stefnda fyrir áðurgreint tímabil til greina, enda krefst hann ekki vaxta, sem hærri eru en hæstu innlánsvextir. Þá verður einnig að taka vaxtavaxtakröfu stefnda til greina, enda var hún fölginn í kröfu um dómvexti fyrir héraðsdómi, sbr. hæstaréttardóm 11. mars 1987.

Krafa stefnda um vexti eftir 14. apríl 1987 er heimil eftir vaxtalögum nr. 25/1987, 3. kafla. Ber að taka hana til greina.

Þeir vextir, sem dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda, eru tilteknir í dómsorði.

III.

Eftir þessum úrslitum ber að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 32.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, þó þannig, að áfrýjandi greiði stefnda dráttarvexti frá 14. apríl 1987 til greiðsludags og því skuld sína með 24% ársvöxtum af kr. 550,00 frá 6. janúar 1985 til 7. febrúar s.á., sömu vexti af kr. 32.112,00 frá þeim degi til 10. maí s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 30. september s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1985, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. mars 1986, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 15,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1986, með 15,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1986, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember 1986, með 16,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. desember 1986, með 17,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1987, með 18,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. febrúar 1987, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 11. mars 1987, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 11.

apríl 1987, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1988 og með 45,6% ársvöxtum af áðurgreindum 32.112,00 krónum auk höfuðstólsfærðra vaxta samkvæmt framansögðu frá 14. apríl 1987, frá þeim degi til 1. maí 1988, með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1988, með 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1988, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, með 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1988 og síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 eins og þeir eru hverju sinni til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti 32.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bærþings Reykjavíkur 11. júní 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. júní sl., hefur Birgir Sigurðsson, nnr. 1130-2548, Hléskógum 24, Reykjavík, höfðað fyrir bærþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 30. september 1985 á hendur Arnari Sigurðssyni, nnr. 0453-2548, Heiðargerði 104, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða honum kr. 32.112,00 með 24% ársvöxtum af kr. 550,00 frá 6. janúar 1985 til 7. febrúar s.á., en af kr. 32.112,00 frá þeim degi til 10. maí s.á., en með 22% ársvöxtum frá 11. maí s.á. til stefnubirtingardags 30. september 1985,

en síðan með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda en til vara að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati bæjarþingsins.

Sættir hafa verið reyndar án árangurs.

II.

Málavexti kveður stefnandi vera þá að þann 10. desember 1984 hafi hann keypt bifreiðina R-37634, af gerðinni Chevrolet Chevy Van árg. 1977, af stefnda. Kaupverð bifreiðarinnar hafi verið kr. 245.000,00. Stefnandi hafi greitt stefnda kaupverðið að fullu á umsömdum gjalddögum sem tilgreindir hafi verið í kaupsamningi. Á afsali sé tekið fram að stefndi ábyrgist að bifreiðin sé veðlaus og að „vél og kassi sé í lagi“. Stefnandi hafi jafnframt ábyrgst að framrúða væri í lagi. Stefnandi hafi lítið ekið bifreiðinni næstu daga eftir kaupin, enda hafi hann unnið við að innrétta hana. Í byrjun janúar hafi girinn bilað, og hafi stefnandi látið draga bifreiðina á bifreiðaverkstæði Bílvangs sf., Höfðabakka 9, Reykjavík, þar sem gert hafi verið við hana. Kostnaðurinn við flutning bifreiðarinnar þangað hafi numið kr. 550,00, en viðgerðarkostnaðurinn hafi verið kr. 31.562,00. Stefnufjárhæðin sé samanlögð fjárhæð flutningskostnaðar og viðgerðarkostnaðar. Stefnandi hafi itrekað krafið stefnda um greiðslu á þessum kostnaði án árangurs. Reikningur vegna flutnings bifreiðarinnar sé dagsettur 6.1. 1985, en muni eiga að vera 6.2. 1985.

Málsástæður stefnanda séu þessar: Yfirlýsing stefnda á afsalinu hafi verið ábyrgðaryfirlýsing. Stefnandi hafi tekið ábyrgð á girkassanum og vélinni. Girkassinn hafi bilað skömmu eftir kaupin, og beri því stefnda að bæta tjón stefnanda.

Visað sé til 42. gr. 1. nr. 39/1922 um lausafjárkaup og meginreglna samninga- og kröfuréttarins.

Stefndi styður kröfur sínar þeim rökum að ástæður bilunarinnar hafi verið slæmt aksturslag hins nýja eiganda, en enginn galli hafi verið á sjálfskiptingunni eða óeðlilegt slit.

Ósannað sé að bifreiðin hafi verið haldin þeim göllum að stefndi beri bótaábyrgð vegna þeirra gagnvart stefnanda.

Verði ekki fallist á sýknu sé því haldið fram að aðeins eigi að bæta stefnanda hluta viðgerðarkostnaðar vegna verðmætisaukans sem í viðgerðinni felist.

III.

Aðilar hafa báðir gefið skýrslu fyrir dómi, svo og Valdimar Sigurðsson sem kveðst hafa verið óskráður meðeigandi stefnda að bifreiðinni. Þá hafa

gefið skýrslu fyrir dómi vitnin Salberg Jóhannsson bílamálari, Samúel Richter bifvélavirki og Kristinn Jóhannsson bifvélavirki.

Stefndi Arnar skýrði svo frá m.a. að hann hefði talið sjálfsagt og eðlilegt að skrifa undir ábyrgðaryfirlýsinguna þar sem stefnandi hefði ekki átt þess kost að kynna sér ástand vélar og girkassa sjálfur, þar sem bifreiðin hefði verið óökufær. Ekki kvaðst stefndi hafa gengið sérstaklega úr skugga um að vél og girkassi væru í því ástandi sem yfirlýsingin gaf til kynna, en hann hefði hins vegar talið svo vera, þar sem óhugsandi hefði verið að þetta hefði skemmst við áreksturinn og þessir hlutir hefðu verið í lagi fyrir tjónið.

Valdimar Jónsson skýrði svo frá m.a. að þeir hefðu verið búnir að láta athuga vél og girkassa áður en þeir gáfu yfirlýsinguna á afsalinu, og hefði verið sjálfsagt að skrifa undir hana. Kvað hann ábyrgðaryfirlýsinguna hafa átt að falla úr gildi um leið og bifreiðin yrði gangfær.

Salberg Jóhannsson skýrði svo frá m.a. að hann hefði starfað á bifreiðaverkstæði í Kópavogi, en þangað hefði bifreiðin verið dregin skömmu eftir áreksturinn. Kvaðst hann minnst þess að leiðslur að vökvastýri í bifreiðinni hefðu verið mjög flattar saman, og taldi hann að leiðslur frá dælu niður í stýri hefðu lekið. Kvað hann stærðarpoll hafa verið undir bifreiðinni, sem hann taldi hafa verið sjálfskiptingarvökva sem lekið hefði af henni. Kvaðst hann ekki vita hvort stefnda hefði verið kunnugt um lekann, en öll olía hafi verið löngu búin af sjálfskiptingunni þegar stefnandi kom inn í málið, en olían hefði átt að vera áfram á gólfinu á þeim tíma, svo framarlega sem gólfíð hafi ekki verið þrifið. Hann kvað stefnanda hafa tekið þönnuna undan sjálfskiptingunni meðan hann var að gera við tannjól í henni. Hann kvaðst ekki vita hvort sett hefði verið olía á sjálfskiptinguna, áður en bifreiðin fór af verkstæðinu.

Vitnið Samúel Richter kvaðst vera bifvélavirki á verkstæði því, þar sem gert var við sjálfskiptinguna, eftir að hún bilaði. Kvað hann stefnanda sjálfan hafa losað hana úr bifreiðinni og sent hana á verkstæðið, en bifreiðin hafi verið dregin þangað síðar. Hafi allir eða flestallir diskar í henni verið nánast jafnbrenndir en aðrir hlutar tiltölulega lítið slitnir sem bendi til þess að sjálfskiptingin hafi verið keyrð oliulítill, a.m.k. hafi hann talið það líklegustu orsök bilunarinnar. Sama álit kom fram hjá vitninu Kristni Jóhannssyni sem vann að viðgerð á sjálfskiptingunni. Töldu þeir ekki unnt að segja til um hvort það hefði gerst skömmu áður eða löngu áður en hún bilaði.

IV.

Ábyrgðaryfirlýsing stefnda nær til þeirra bilana á vél og girkassa sem rekja má til ástands sem var fyrir hendi við söluina, en yfirlýsingin er rituð án fyrirvara eða takmarkana, og er ósannað að samið hafi verið um nokkuð slíkt munnlega.

Samkvæmt framburði stefnda sjálfs þykir upplýst að ábyrgðaryfirlýsing hans var gefin án þess að hann gengi sérstaklega úr skugga um ástand vélar og girkassa fyrir söluna.

Fyrir liggur í máli þessu að sjálfskiptingin bilaði skömmu eftir að bifreiðin varð ökufær, en áður hafði stefnandi orðið var við að hún starfaði ekki eðlilega að hans mati og lét því stilla hana án árangurs.

Við munnlegan málflutning vék lögmaður stefnda að því að upplýst mætti telja, samkvæmt framburði stefnanda fyrir dómi, að vél og girkassi hefðu verið í lagi þegar bifreiðin fór af stillingarverkstæðinu, en stefnandi hefði borið að faglærðir menn á þessu verkstæði hefðu gefið honum þá yfirlýsingu að vél og girkassi væru í lagi. Ábyrgð stefnda væri þar með fallin niður.

Af hálfu stefnanda var þessum skilningi á framburði hans mótmælt, og þegar virtur er framburður hans um þetta atriði fyrir dómi má fallast á andmæli hans.

Eigandi verkstæðisins, Bragi Stefánsson, hefur ekki gefið skýrslu fyrir dómi, og var það talið þýðingarlaust þar sem hann taldi sig ekki muna eftir umræddu atviki.

Það telst því ósannað að vél og girkassi hafi verið í lagi á þessum tíma.

Upplýst má telja, sbr. framburð vitnisins Salbergs Jóhannssonar svo og stefnanda sjálfs, að lekið hafi af sjálfskiptingunni áður en bifreiðin var seld stefnanda. Stefndi heldur því fram að útilokað sé að sjálfskiptingin hafi orðið fyrir áfalli við áreksturinn og bilað af þeim sökum, og má því ætla að lekið hafi af henni í óvissan tíma fyrir áreksturinn. Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna að líklegust skýring á biluninni, samkvæmt þeim gögnum og upplýsingum sem fyrir liggja í málinu, sé sú að sjálfskiptingin hafi verið keyrð olíufúll, og er það í samræmi við ályktun vitnanna Samúels Richters og Kristins Jóhannssonar.

Telja verður, eins og máli þessu er háttað, að stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir því að bilunin verði ekki rakin til atvika sem hann ber ábyrgð á með yfirlýsingu sinni.

Með því að ekki hefur verið sýnt fram á að akstursmáti stefnanda eða önnur meðferð hans á bifreiðinni hafi verið á þá lund að bilunina megri rekja til þess, svo og með hliðsjón af því sem að framan er rakið, ber að taka bótakröfu stefnanda til greina.

Stefndi gerir til vara kröfu um lækkun vegna verðmætaaukningar eftir viðgerðina. Ekki hefur verið sýnt fram á af hálfu stefnda að verðmæti bifreiðarinnar hafi aukist við viðgerðina umfram það sem stefnandi mátti gera ráð fyrir að hann væri að kaupa. Krafa stefnanda verður því tekin til greina að fullu.

Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið andmælt sérstaklega og dæmast vextir því eins og krafist er.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 22.200,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt Jan Jansen bifvélavirkjameistara og Bent Jørgensen bifvélavirkjameistara.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Arnar Sigurðsson, Heiðargerði 104, Reykjavík, greiði stefnanda, Birgi Sigurðssyni, Hléskógum 24, Reykjavík, kr. 32.112,00 með 24% ársvöxtum af kr. 550,00 frá 6. janúar 1985 til 7. febrúar s.á., en af kr. 32.112,00 frá þeim degi til 10. maí s.á., en með 22% ársvöxtum frá 11. maí s.á. til 30. september s.á., en síðan með dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 22.200,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. desember 1988.

Nr. 307/1988. **Ákærvaldið**

Nr. 379/1988. (Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Sigþóri Heiðari Hrafnssyni og

Steindóri Ingimar Steindórssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Sameining mála. Ákæru visað frá héraðsdómi að hluta.

Þjófnaður. Nytjastuldur. Brot gegn 157. gr. alm.

hegningarlaga. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.